



1. Skilgreining

Heimsending matar er fyrir þá sem geta ekki annast matseld sjálfir hvort heldur sem er vegna aldurs, örorku eða tímabundinna veikinda. Maturinn er greiddur af þeim sem hans njóta, en sveitarfélagið sér um dreifingu þeim að kostnaðarlausu. Heimsending matar er skipulögð á Blönduósi og á Skagaströnd. Utan þéttbýlis í Austur – Húnavatnssýslu er reynt að finna einstaklingsbundnar lausnir eftir því sem við á hverju sinni, í samstarfi Félags- og skólaþjónustu og sveitarfélags. Sveitarfélög sjá um framkvæmd þjónustunnar en Félags- og skólaþjónusta A-Hún sér um mat á þörf fyrir þjónustuna.

2. Umsóknarferill

Umsókn um heimsendan mat sendist til Félags- og skólaþjónustu A-Hún, sem metur þörfina fyrir aðstoðina og áframsendir beiðnina til sveitarfélags eða þjónustuaðila fyrir hönd sveitarfélags eftir því sem við á. Mat Félags- og skólaþjónustu A-Hún byggist á samtali við umsækjanda og könnun á aðstæðum hans. Sé umsókn um þjónustu hafnað, skal umsækjandi fá skýringu bréflega frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Umsóknareyðublað er fánlegt á skrifstofu og heimasíðu Félags- og skólaþjónustu A-Hún (www.felahun.is) og á skrifstofum sveitarfélaganna. Umsóknareyðublaði skal skila til skrifstofu Félags- og skólaþjónustu A-Hún beint eða með milligöngu sveitarfélags.

3. Reikningar og gjaldskrá

Reikninga vegna þjónustunnar senda sveitarfélög eða þjónustuaðilar fyrir hönd sveitarfélags til þjónustunotenda. Tilkynna þarf Félags- og skólaþjónustu ef sveitarfélag eða þjónustuaðili hætta þjónustu vegna vangoldinna reikninga. Sveitarfélag ákveður gjaldskrá fyrir þjónustuna í sínu sveitarfélagi, ekki er um að ræða sameiginlega gjaldskrá í A-Hún.

4. Uppsögn þjónustu

Sé ekki lengur þörf fyrir þjónustuna tímabundið, vegna innlagnar á sjúkrahús eða annarra tímabundinna breytinga þarf þjónustuþegi að láta þjónustuaðila vita sem fyrst. Sé um endanlega uppsögn þjónustu að ræða þarf þjónustuþegi að tilkynna um uppsögn til sveitarfélags sem lætur þjónustuaðila vita um uppsögn.

5. Sérfæði

Hafi þjónustuþegi sérþarfir varðandi mataræði á grundvelli heilsufars t.d. vegna sykursýki eða ofnæmis er reynt að koma til móts við þarfir viðkomandi eins vel og hægt er miðað við aðstæður hverju sinni.

6. Tími þjónustu

Heimsendur matur er sendur alla jafna í hádeginu alla virka daga. Umsækjanda er heimilt að sækja um að fá sendar máltíðir ákveðna fasta daga. Blönduósbær veitir þjónustuna einnig um helgar og á frídögum.